Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-10-28 11:10:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
FREYR ÆVARSSON
2026-10-28 12:58:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Olíudreifing ehf.
Pósthólf 4230
Reykjavík 101
Ísland

28.10.2026, Reykjavík
UOS-3342

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.8.2026 hjá Olíudreifing ehf., Krossanesi.

Þann 25.ágúst .2026 fór fram reglubundið eftirlit í Olíudreifing ehf., Krossanes. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

4 ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 24 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 25.8.2026 Sé efnisþykkt olíugeymis innan við helmingur upphaflegrar efnisþykktar eða undir 3 mm skal gert við tæringu *Efnisþykkt geymis T1051 er á tveimur stöðum undir 3 mm.*	**Opið**
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 25.8.2026 Öruggar mengunar- áreksturs- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma *Á svæðinu voru geymdar tunnur og bambar án fullnægjandi árekstrarvarna.*	**Opið**
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Frávikið var skráð: 25.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað eftir 1. maí 2026.*	**Lokað · 30.6.2026**

gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 25.8.2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Skv. starfsleyfi á að mæla olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftar ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.9 séu uppfylltar. Sýni úr fráveituvatni hefur aldrei verið sent til efnagreiningar.*	**Opið**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. nóvember 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits